HÓLA- OG FJALLAFERÐIR

Smáraskóli

Þessi bæklingur er einungis leiðbeinandi.
Hugmyndir að skemmtilegum gönguleiðum, hólum eða fjöllum sem gaman er að ganga á í kringum Reykjavík eru svo ótrúlega margar.

NESTI

Hollt og gott nesti gerir góða ferð enn betri. Appelsínur skornar í báta, hnetur og rúsínur og harðfiskur er kjörinn orkubiti til að maula á leiðinni.

ÚTBÚNAÐUR

Góðir skór fyrst og fremst og muna að reima vel.
Hlífðarföt, helst vatns- og vindheld. Það er annað hitastig þegar maður er kominn í 500 m hæð.
Nóg af góðu skapi !

YNGSTA STIG

1. bekkur:
Öskjuhlíð 63 m 1 klst
Létt ganga í skógi vöxnum hlíðum.

2. bekkur:
Úlfarsfell 295 m 2 klst
Gengið frá Vesturlandsvegi við rætur Úlfarsfells. Grasi grónar brekkur.

3. bekkur:
Þorbjörn 243 m 2-3 klst
Ekinn Grindavíkurvegur framhjá Bláa lóninu, afleggjari norðan fjallsins, þar er skógarlundur og góð nestisaðstaða. Gengið beint upp fjallið þar. Einnig hægt að ganga upp fjallið eftir vegi Grindavíkurmegin.

4. bekkur:
Búrfell í Heiðmörk
Einnig eru margar fallegar gönguleiðir um Heiðmörkina á merktum göngustígum.

MIÐSTIG

5. bekkur:
Þingvellir/Skógarkot/Öxarárfoss

Arnarfell 239 m 2-3 klst
Ekið austur fyrir Þingvallavatn, gengið frá veginum skammt frá Lyngdalsheiðarafleggjara. Gengið eftir endilöngu fjallinu og niður að vatninu. Til baka er hægt að fara hvoru megin fjallsins sem er .

6. bekkur:
Dyradalur/Botnadalur 4,9 km 1-2 klst
Er á Hengilsvæðinu. Í Dyradal er upplýsingaskilti, gengið er norður um Dyrafjöll í átt að Botnadal. Nesjavallavegur liggur í gegnum Dyradal.

Helgafell 338 m 3 klst
Ekið gegnum Hafnarfjörð að Kaldárbotnum, gengið með varnsverndargirðingu, upp fjallið að norðanverðu, hægt að fara niður sömu leið eða að sunnan.

7. bekkur:
Reykjadalur
Dalurinn norður af Hveragerði, heitir lækir og flott hverasvæði.

UNGLINGASTIG

8. bekkur:
Keilir 378 m 3-4 klst
Ekin Reykjanesbraut suður fyrir Kúagerði þar er afleggjari til vinstri, fólksbílafær en ekki góður vegur, 2-3 km gangur á hrauni að fjallinu.

Vífilfell 655 m 3-5 klst
Ekinn Suðurlandsvegur austur fyrir Sandskeið, afleggjari að malarnámu við Jósepsdal, gengið upp hrygg vinstra megin á fjallinu.

9. bekkur:
Esjan 914 m 4-5 klst
Ekið að Mógilsá í Kollafirði, gengið frá bílastæðinu við Esjurætur. Merkt gönguleið.

10. bekkur:
Elliðavatnshringur
Hægt að ganga eða hjóla í kringum vatnið.